**Endurskoðunarnefnd Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf**

*Reykjavík 17. maí 2023*
*IER22110079*

***Malbikunarstöðin Höfði hf.***
***b.t. Ásberg K Ingólfssonar***
***Sævarhöfða 6, 110 Reykjavík***

***Sameiginlegt útboð um kaup á þjónustu vegna ytri endurskoðunar samstæðu Reykjavíkurborgar.***

Hinn 4. maí sl. voru tilboð opnuð í EES útboði nr. 15695"Ytri endurskoðunarþjónusta fyrir Reykjavíkurborg". Borgarstjórn Reykjavíkurborgar samþykkti á fundi sínum 16. þ.m. að kjósa lægstbjóðendur, Grant Thornton endurskoðun ehf. endurskoðunarfyrirtæki Reykjavíkurborgar. Á grundvelli þeirrar ákvörðunar og staðfestingar stjórna félaga í B hluta Reykjavíkurborgar verður gerður samningur um endurskoðunarþjónustu til næstu fimm ára. Samningurinn mun hljóða upp á kr. 387.992.190. Kostnaður Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. af endurskoðun fyrir reikningsárin 2023 – 2027 verður kr. 17.446.800.

Með þessu bréfi vill endurskoðunarnefnd þakka fyrir þátttöku í útboðinu og minna á að í samræmi við ákvæði sameignarsamnings og laga nr. 3/2006 um ársreikninga þarf nú að kjósa endurskoðunarfélag og leggur endurskoðunarnefnd að samþykkja ráðningu Grant Thornton endurskoðunar ehf. sem endurskoðunarfyrirtæki Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. fyrir reikningsskil áranna 2023 til og með 2027.

Vakin er athygli á ákvæði útboðsins um að endurskoðunarfyrirtækinu er ekki heimilt að taka að sér önnur störf en útboðið nær til án samþykkis endurskoðunarnefndar vegna hlutverks hennar gagnvart samstæðunni í heild sinni. Það er því á ábyrgð stjórnenda að koma beiðnum um önnur störf til endurskoðunarnefndar komi slíkt til á samningstíma útboðsins. Beiðnum skal koma til ritara nefndarinnar Halls Símonarsonar á netfangið innriendurskodun@reykjavik.is.

f.h. endurskoðunarnefndar

Lárus Finnbogason, formaður

Afrit:
Þorsteinn Gunnarsson, borgarritari

Meðfylgjandi:
Tillaga endurskoðunarnefndar til borgarstjórnar dags. 8. þ.m.